

SÁÁ BLAÐIÐ

edru

ÚTIHÁTÍÐ LAUGALANDI, HOLTUM
VERSLUNARMANNAHELGINA 2.-5. ÁGÚST 2013

Kiddi Casio
mætir brakandi þurr

Gústi Chef
býður upp á
frábæra veislu

NÁNARI
UPPLÝSINGAR UM
ERDRÚHÁTÍÐINA
MÁ NÁLGAST Á
saa.is

LEIKHÓPURINN LOTTA
Frum samið leikrit um íslensk tröll

ARNÞÓR JÓNSSON, FORMAÐUR SÁÁ
Sólin á eftir að skína á Edrú-hátíðinni

DANÍEL ÁGÚST, SÖNGVARI Í GUS GUS
Kemur með góða skapið á flotta hátíð

ÆÐRULEYSISMESSA
Einkennist af þakklæti, ánægju og gleði

FREYR EYJÓLFSSON
Draumarnir rætast er ég sný bingókúlunum

HLJÓMSVEITIN YLJA
Ótrúlega gaman að taka þátt í Edrú-hátíðinni



→ **EDRÚHÁTIÐ** RÚNAR FREYR GÍSLASON

SÁÁ hefur snert hverja einustu fjölskyldu

SÁÁ hefur snert hverja einustu fjölskyldu í landinu í gegnum árin. Ef maður sjálfur hefur ekki fengið þjónustu frá SÁÁ þá er einhver þér náteygur sem hefur þurft að gera það,“ segir Rúnar Freyr Gíslason, leikari og framkvæmdastjóri EDRÚhátíðar. Rúnar Freyr segir hópinn mjög stóran sem vill leggja sitt af mörkum fyrir samtökin vegna þess að margir hafa öðlast betra líf með hjálp SÁÁ. Hann segir að samtökin líta á það sem eitt af hlutverkum sínum að bjóða félagsmönnum og ölkum í bata upp á valkosti.



„Stundum er það þannig að fólk sem er edrú finnst eins og að það hafi ekkert að gera. SÁÁ stendur fyrir alls konar viðburðum til að skemmta sér saman án áfengis. Parna er komin hátíð, og þær eru fáar því miður, þar sem börn geta komið og þurfa ekki að hafa áhyggjur af því að foreldrar eða aðrir full-orðnir séu annað hvort fullir eða þunnir sem veldur börnum óryggi,“ segir Rúnar Freyr.

Rúnar Freyr segir að á EDRÚhátíðinni að Laugalandi í Holtum geti öll fjölskyldan komið saman. „Dagskráin fyrir börnin er mjög flott. Listasmiðja, barnaball, Ingó töframaður, leikhópurinn Lotta, söngkeppni barna, brekkusöngur og varðeldur. Á svæðinu er líka mikið af leiktækjum, aparólur og trampólín. Þetta verður svo sannarlega hátíð barnanna,“ segir hann.

Mjög fjölbreytt dagskrá fyrir fullorðna verður einnig í boði, „Það verður plötusnúður öll kvöld inni í stórum sal, Daniel Ágúst, Ylja, Geirfuglarnir og Sniglabandið koma. Hægt verður að fara í nudd og heilun, jóga og hlusta á fyrirlestra um andleg málefni þannig að allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi og til að taka af allan vafa þá er þessi hátíð ekki bara fyrir alkóhólísta og aðstandendur þeirra heldur fyrir alla sem vilja skemmta sér án áfengis og eiturfylja“ segir Rúnar Freyr.

Óþarfi verður, segir hann, að láta veðrið draga úr gleðinni því að hægt verði að færa hátíðina inn í stóran sal, ef fólk vill og þörf verður á.

Á hátíðina kostar aðeins 6.000 krónur og þá er tjaldstæði innifalið. „Þessi hátíð er fyrir alla sem vilja skemmta sér án áfengis og ég býð þá alla velkomna,“ segir Rúnar Freyr.



ÚTGEFANDI: SÁÁ – Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann Efstaleiti 7, 103 Reykjavík | Sími: 530 7600
ÁBYRGÐARMAÐUR: Arnþór Jónsson | **RITSTJÓRI:** Rúnar Freyr Gíslason
UMBROT: Morgundagur ehf. |

ÖRVIÐTAL Sigga Eypórsdóttir



Hvað er það besta við EDRÚhátíðina?
Að allir eru edrú.
Hvað er mikilvægast í lífinu?
Að vera góður.
Hvar endar alheimurinn?
Á nýju upphafi.

Sérstakt hugleiðsluherbergi

Á Laugalandi í Holtum er öll aðstaða til mikillar fyrirmyndar. Á veturna er rekinn þar stór skóli og hafa gestir EDRÚhátíðarinnar aðgang að þeim flottu mannvirkjum sem þar er að finna og verða þau nýtt til hins ýrasta. Meðal annars verður boðið upp á sérstakt hugleiðsluherbergi sem verður öllum opið alla helgina þar sem tilvalið er að koma í kyrrðina og finna sinn innri frið.



ÖRVIÐTAL

Rúnar Guðbrandsson



Hvað er gott við EDRÚhátíð?
Allir edrú! – Þannig er fólk skýrara, skarpara og skemmtilegra og síðast en ekki síst ábyrgara og þar af leiðandi litlar líkur á verða fyrir óþarfa áreiti og ónæði.

Hvað er mikilvægast í lífinu?
Augnablikið, – það er nefnilega svo snúið við núnið að það er aldrei búið.

Af hverju ertu stoltastur?
Að upplifa öll lífsins litbrigði og takast á við þau – allsgáður.

→ **EDRÚHÁTIÐIN** FJÖLBREYTT ANDLEG DAGSKRÁ

Finna barnið í sjálfum sér

Þessi hátíð er dásamleg, strákar mínir 10 og 12 ára eru farnir að tala um hátíðina í september árið áður og maður hefur heyrt á börnunum að þau séu að draga foreldra sína á hátíðina,“ segir Hafþór Ingi Samúelsson en hann, ásamt Heklu Jósefsdóttur, mun sjá um að næra áhugann á andlegum málefnum eins og hugleiðslu og jóga.

Hafþór segir að börnin geti verið að leika sér meðan foreldrar eru að gera eitthvað skemmtilegt eða slaka á.

„Þetta er svo gaman að maður er alltaf að taka meira að sér. Morgun jóga verður haldið á morgnana, bæði á laugardeginum og sunnu-

deginum klukkan 9, og hugleiðsla á miðnætti, bæði laugardag og sunnudag. Hugleiðsla snýst um að vera í núnu þó og margar aðferðir séu notaðar til þess,“ segir Hafþór.

„Svokallaður fimmrytma dans verður haldið á laugardeginum klukkan 5,“ segir Hafþór en hann hefur tekið þátt í EDRÚhátíðunum síðustu ár. „Þetta er þriðja árið í röð sem við höfum fimmrytmadans og það hefur verið mjög vinsælt. Það er haldið úti og er mjög frjálst og skemmtilegt. Við vorum svolítið „skeptísk“ fyrst vegna þess að fullorðna fólkíð hugsar svo mikið um álit annarra, það hefur áhyggjur af því að það líti kjánalega út og vill ekki taka þátt en í fyrra tóku allt



að 90 manns þátt. Það er eiginlega sama hver aldurinn var, fólk fann barnið í sjálfu sér,“ segir Hafþór.

„Fimmrytma dans er að dansa í takt og í hóp og skilja „kúlið“ eftir og sleppa sér. Krökkunum er þetta einhvern veginn meðfætt, þeir dansa bara og dansa,“ segir Hafþór.

→ **BINGÓ** SNJALLSÍMI Í FYRSTU VERÐLAUN

Hlakkar til að snúa bingókúlunum

Hvað: Bingó
Hvenær: Föstudagur
Klukkan: 19.00

Freyr Eyjólfsson dagskrárgerðarmaður mun stjórna bingói í matsalnum á föstudagskvöld klukkan 19.00. Í boði verða ýmis vegleg verðlaun en í fyrstu verðlaun verður Samsung Galaxy SIII minni snjallsími frá Símanum að verðmæti 59.900 krónur. Bingóstjórarstarfið leggst vel í Frey sem mun þreya frumraun sína við bingóstjórnun á EDRÚhátíðinni. „Þegar ég var lítill ætlaði ég annað hvort að verða

bingóstjóri eða sirkusstjóri svo allir draumar mínir eru að rætast núna og ég hlakka mikið til að fá að snúa kúlunum,“ segir Freyr í léttum dúr.

„EDRÚhátíðin er góð hátíð til að fara með börnin sín á. Dagskráin er góð og mikið í boði fyrir alla fjölskylduna og svo ríkir ofsalega skemmtilegur andi á hátíðinni. Það er enginn heilagleiki eins og margir virðast halda heldur bara alveg ofsalega mikið stuð og sönn íslensk gleði.“ Sjálfur á Freyr tvö börn og segir það góða reglu í uppeldi að foreldrar drekki ekki með börnunum sínum.



DAGPASSAR EINNIG Í BOÐI

Á EDRÚhátíðinni er fjöldinn allur af viðburðum í boði og tjaldstæðið að Laugalandi í Holtum er frábært. Það er í rúmlega klukkustundar akstursferð í austur frá Reykjavík (rétt hjá Helli, sami afleggjari af Þjóðvegi og liggur að Galtalæk). Aðgangurinn að hátíðinni kostar 6000 krónur fyrir manninn og gildir aðgangsmiðinn alla helgina – frítt er fyrir börn yngri en tólf ára. Tjaldstæðið er innifalið í miðaverðinu.

Fyrir þá sem vilja heimsækja hátíðina part úr helgi er í boði að kaupa dagspassa sem kostar 2.500 krónur fyrir daginn.

→ YLJA SPILAR Á EDRÚHÁTÍÐINNI



Búumst við enn betri stemningu í ár

Víð tókum þátt í Edrúhátíðinni í fyrra og það var ótrúlega gaman og gekk vel. Það var hin finasta stemning og mér heyrst á öllu að það verði stærra í ár og við búumst við enn betri stemningu," segir Guðný Gígja Skjaldardóttir, Gígja, ein af fimm meðlimum hljómsveitarinnar Ylju sem mun spila á hátíðinni.

„Ég tel Edrúhátíðina vera mjög skemmtilegt framtak. Það að geta farið með fjölskyldu og börnum og verið í áfengislausri útilegu," segir Gígja.

Hljómsveitin Ylja gaf út sína fyrstu plötu í nóvember í fyrra „Ylja“.

„Við höfum verið ótrúlega dugleg að fylgja henni eftir, það gengur vel og við erum rosalega ánægð. Nú erum við að leggja drög að næstu plötu og erum að vinna í henni hægt og rólega," segir Gígja.

Viðtökurnar við

„

Nú erum við að leggja drög að næstu plötu og erum að vinna í henni hægt og rólega

fyrstu plötunni segir hún að hafi verið góðar og að platan hafi verið að seljast vel. „Við höfum verið að selja plötur á tónleikum líka og sérstaklega til útlanda sem hafa veitt okkur mjög góðar viðtökur þó svo að við syngjum bara á íslensku," segir Gígja.

A Edrúhátíðinni segir Gígja að Ylja muni spila lög af gömlu plötunni. „Síðan verðum við vonandi komin með nýtt lag sem við erum að klára þessa dagana ef allt gengur eftir," segir Gígja.

Ylja hefur verið að spila um landið í sumar en mun einnig spila á hátíðinni Innipúkanum í Reykjavík um Verslunarmannahelgina. Einnig mun hljómsveitin spila á Vegamótum í miðri viku í sumar.

Hljómsveitinni Ylju skipa Bjartey Sveinsdóttir (söngur og gítar), Guðný Gígja Skjaldardóttir (söngur og gítar), Smári Tarfur Jóseppson (slide-gítar) og Valgarð Hrafnsson (bassi) og Maggi Magg (trommur).

Gústi Chef býður upp á frábæra veislu

„Börnunum fannst sætkartöflusúpan og kjúklingurinn bestur," segir Ágúst Már Garðarsson, betur er þekktur sem Gústi Chef.

Gústi Chef sá um matinn í Edrúhátíðinni í fyrra en vann einnig við tónleikahaldið á kvöldin. Á þessari hátíð mun hann hins vegar einbeita sér að því að elda dýrindis kræsingar fyrir gesti hátíðarinnar og getur frekar notið þess að hlusta á tónleikana á kvöldin að þessu sinni.

„Þetta var alveg frábært í fyrra og ég vona að það verði eðlileg þróun að hátíðin stækki. Hátíðin heppnaðist mjög vel í fyrra og tónleikarnir voru mjög flottir," segir Gústi.

Gústi segir að í fyrra hafi listasmíðurnar úti og leikritin notið mikilla vinsælda hjá börnunum en í ár komi til dæmis Líka Leikhópurinn Lotta.

Segir hann að dag-skráin í fyrra hafi

heppnast mjög vel, til dæmis áherslan á hið andlega eins og jógaæfingar, hláturjóga og fleira sem verður líka á hátíðinni núna.

Matseðillinn verður ekki bara gómsætur heldur líka hollur og á góðu verði.

Morgunmat: Hafragrautur, AB mjólk, Granola músli og ávextir, soðin egg, brauð og álegg. 750 kr.

Hádeggi: Bragðmikil edrusúpa og brauð. 1250 kr.

Kvöldmat: Steik og hlaðborð. Sætar kartöflur, eplasalat, ferskt salat, tómatsalat og tvær kaldar sósur (kjúklingur á laugardeginum og lambalæri á sunnudeginum). 2000 kr.




Kemur með góða skapið á flotta hátíð

Þessi hátíð er flott framtak. Ég mæti bara á svæðið með góða skapið í farteskinu og vona að fólk eigi eftir að njóta hátíðarinnar. Ég ætla að syngja nokkur lög af sólóplötunum mínum og nokkur GusGus lög á föstudagskvöldin," segir Daniel Ágúst, tónlistarmaður og meðlimur hljómsveitarinnar GusGus.

Hljómsveitin GusGus er að vinna að næstu plötu þessa dagana, inn á milli þess sem hún spilar á tónlistarhátíðum víðs vegar um Evrópu. „Við ljúkum við plötuna líklega í haust og hún kemur út væntanlega á næsta ári, það er þó ekki vist að það náist fyrir jólin. Platan er búin þegar hún segist vera búin, það er ekki hægt að flýta eða stjórna því einhvern veginn," segir Daniel.

Daniel segir að á nýju plötunni muni GusGus reyna að finna nýja fleti á nýjum lögum og það sem veiti honum innblástur sé að mestu leyti samskipti við annað fólk og þær aðstæður sem hann lendir í.

Hljómsveitin GusGus hefur nýlega spilað á þremur tónlistarhátíðum í Austurríki, Ungverjalandi og Noregi. „Við vorum að spila á besta tíma og á stóru sviði í Ungverjalandi og það myndaðist alveg ótrúlega mögnuð stemning," segir Daniel. Hópurinn lenti einnig í ævintýrlegum aðstæðum í Osló en allt endaði vel. „Þetta var nú svolítið skritin tónleikaferð hjá okkur því flugfélagið týndi meginu af tónleikagræjunum. Frá því að við lentum og við áttum að fara á svið voru þrjár klukkutímar. Okkur tókst með góðra vina hjálp að púsla saman einhverjum græjubúnaði til þess að flytja tónleikana. Þetta var lítið kraftaverk að þetta tókst í rauninni. Viddi, íslenskur vinur okkar í Osló, lánaði okkur eina græju og hjálpaði okkur að finna hljóðfæraleigu þar sem við fengum hljómborð. Við fengum græjurnar okkar kvöldið eftir þannig að þetta var ævintýri sem endaði vel," segir Daniel Ágúst.



ÖRVIÐTAL

Natalie Gunnarsdóttir

Hvað er svona gott við edrúhátíðina?

Maður er ekki að fara að vakna á degi tvö með djammviskubit og skilja tjaldíð eftir og húkka far í bæinn. Annars hef ég aldrei skemmt mér jafnvel og á Laugalandi í fyrra.

Hvað er mikilvægast í lífinu?

Lifa lífinu lífandi. Af hverju ertu svona brún þrátt fyrir alla þessa rigningu?

Þökk sé sólbáðstofunni Sól 101 verð ég brún út sumarið :)





Fótboltamót á battavellinum

Hvað: Fótboltamót
Hvenær: Laugardagur
Klukkan: 15.15

Á laugardeg-
inum verður haldið
fótboltamót þar sem

keppt verður í tveimur
aldursflokkum, sex til
fjórtán ára og fimmtán
ára og eldri. Opnað verður
fyrir skráningu klukkan
15.15 á laugardegnum og
mun hún standa í sólar-
hring. Skráningin fer fram
í salnum en mótið sjálf
verður á battavellinum.

Fyrirkomulagið verður á
þann hátt að fimm leik-
menn eru í hverju liði en
fjórir spila inni á vellinum
í hvert sinn. Liðin verða
kynjablönduð og verður
bikar í verðlaun í aldurs-
flokkunum tveimur.
Kristján Davíð hjá
knattspyrnufélagi SÁÁ

hefur umsjón með mótinu
og segir hann markmiðið
að hafa gaman, skapa
góða stemningu og spila
saman fótbolta. „Ef ein-
hverja vantar fleiri í sitt lið
er um að gera að koma til
mín og ég finn þá fólk sem
vill slást í hópinn svo liðið
verði fullskipað.“



Sigurvegarinn syngur með hljóm- sveit kvöldsins

Hvað: Söngkeppni barna
Hvenær: Sunnudagur
Klukkan: 16.00

Valgeir Skagfjörð hefur umsjón með
Söngkeppni barna sem fram fer á
sunnudagskvöld. Keppnin er öllum opin
og fer skráning fram á staðnum. „Börnin
koma með undirleik með sér eða syngja
án undirleiks. Svo get ég líka spilað undir
er því er að skipta,“ segir Valgeir. Auk
verðlauna fær sigurvegarinn í keppninni
að syngja með hljómsveit kvöldsins.



Útilegulög við varðeld

Hvað: Brennusöngur
Hvenær: Sunnudagur
Klukkan: 23.00

„Við syngjum þessi klassísku útilegulög
eins og Óbyggðirnar kalla, Á Sprengi-
sandi og Kveikjum eld. Lagið Ég er kominn
heim er líka alltaf ómissandi í fjöldsöng,“
segir Valgeir Skagfjörð sem mun stjórna
brennusöng á sunnudagskvöld. „Fólk fær
svo textana á prentuðu formi svo það ætti
ekki mikið að reka í vörðurnar.“

→ **NÝKJÖRINN** FORMAÐUR SÁÁ LEIKUR Á SELLÓ OG HJÓLAR DAGLEGA

Sólin á eftir að skína á Edrú-hátíðinni

Arnþór Jónsson var kjörinn for-
maður SÁÁ fyrir í sumar en hafði
áður starfað innan stjórnar sam-
takanna í sautján ár. Arnþór er
Vesturbæingur sem hætti í MR
og hélt til Englands nítján ára gamall í tónlistar-
nám og var síðar fastráðinn sellóleikari hjá Sin-
fóníuhljómsveit Íslands í nokkur ár. Eftir alvar-
legt bílslys tók Arnþór sér launalaust leyfi frá
Sinfóníunni og heillaðist á þeim tíma af tölvu-
tækninni og var svo árið 1993 meðal stofnenda
fyrsta internetfyrirtækisins á Íslandi sem hét
Miðheimar. „Þetta voru sérstakir tímar. Fólk
skyldi ekki alveg hvað við vorum að tala um og
hvað við vorum að selja; að tengja saman tölvur
og eiga í samskiptum í gegnum þær var fram-
andi tækni árið 1993. Sumir voru samt fljótir að
grípa þetta og það var virkilega gaman að vera
fyrstir á þessum markaði.“

Arnþór er mikill hjólréiðagarpur og hjólar
nær daglega. „Ég hjóla yfirleitt í vinnuna en
annars tek ég einn hring í kringum borgina,
svona þrjátíu kílómetra. Það er miklu betra en
að hamast inni við á hlaupabretti. Maður fær
súrefni, D-vítamín, sólskin og birtu. Arnþór
segir lítið mál að hjóla yfir vetrartímann. Allt
sem til þurfi séu vettlingar, lambhúshetta og
varkárni í snjónum.“

Að sögn formannsins eru helstu verkefni
framundan að veita daglega þá þjónustu sem
þörf er á því ekkert lát sé á eftirspurninni.
Einnig blasi við að ráðast verði í endurbætur á
húsnæði Vogs. „Sjúkrahúsið Vogur verður þrjá-
tíu ára í desember. Húsnæðið er gott og þar er
gott að vera en byggingin er þó barn síns tíma.
Við þurfum að ráðst í nauðsynlegar endurbætur
á vaktinni, koma lyfjamsýslu í öruggt skjól og
fjölga herbergjum en þeim sjúklingum á Vog
hefur fjölgað mikið sem eru eldri og veikari og
jafnvel hreyfihamlaðir og þarfnast sérstakrar
aðhlynnningar.“ Þá sé fjölskyldu- og barnþjón-
usta SÁÁ mikilvæg þjónusta sem þarf að efla og
þróa áfram og mikið enn óunnið í réttindabar-
áttu alkóhólista.

Edrú-hátíðin hefur verið haldin í 25 ár og
er í miklu uppáhaldi hjá formanninum. „Þetta
er frábær hátíð fyrir fjölskyldu- og barnafólk.
Parna getur maður verið alveg áhyggjulaus
með krakkana sína og allir hjálpast að. Í ár verður
frábær dagskrá fyrir alla, unga sem aldna.
Það getur eiginlega ekkert klikkað og veðrið
verður líka gott. Sólin á eftir að skína á okkur
og í hjörtum okkar þessa daga.“



ÖRVIDTAL

Hekla Jósefsdóttir



Hvað er það besta við Edrúhátíðina?
Kærleiksandinn.
Hvað er mikilvægast í lífinu?
Synir mínir.
Hvernig er veðrið?
Veðrið er lygilega gott.

Heilsusetrið Þykkvabæ flytur á Laugaland

Hvað: Heilsusetur Þykkvabæjar
Hvenær: Laugardegi og sunnudegi
Klukkan: 11-15 á laugard og 12-15 á sunnud.

Heilsusetur Þykkvabæjar verður með aðstöðu
innandyrna á Edrú-hátíðinni og mun bjóða upp
á margvíslega þjónustu, svo sem herðanudd,
heilun, regndropa- og natmeðferðir, orku-
punktajöfnun ásamt höfuðbeina- og spjald-
hryggsmeðferðum fyrir börn og fullorðna. „Við
verðum þarna sex frá heilsusetrinu Þykkvabæ
með nuddbekki og annað tilheyrandi,“ segir
Brynja Rúnarsdóttir.

Herðanuddið mun taka fimmtán til tuttugu
mínútur og kosta þrjú þúsund krónur. „Fólk
getur komið til okkar, sest á stól og fengið gott
nudd fyrir herðar og aðeins niður á bak,“ segir



Brynja. Einnig verður boðið upp á heilun sem
tekur klukkutíma og kostar fimm þúsund krónur.
Að sögn Brynju er heilun náttúruleg aðferð til
að stilla orkustöðvarnar og hefur áhrif á orku og
tilfinningar fólks þar sem handayfirlög er beitt.
„Við bjóðum einnig upp á nat- og regndropa-
meðferðir. Sú fyrrnefnda byggist á því að olíur er
settar efst á bak, á háls og hnacka og vinna inn
á taugakerfið. Regndropameðferðin er aðeins
viðameiri en í henni eru notaðar níu tegundir af
olíum sem fyrst eru settar á fætur og svo á bak
með nuddi. Regndropameðferðinni lýkur svo
með heitum bökstrum og slökun. Hún er góð
fyrir bæði stoð- og ónæmiskerfið.“ Natmeðferðin
kostar fimm þúsund krónur en regndropameð-
ferðin átta þúsund. Á laugardegnum klukkan
13:00 verður boðið upp á ilmkjarnaoliukynningu.

List fyrir börnin



Á laugardeginum frá klukkan 11 til 14 mun Melkorka Otradóttir leikskólakennari stjórna listasmiðju fyrir börnin. „Það verður í boði að mála mynd með vaxlitum og svo að mála yfir hana með vatnslitum. Einnig að búa til kór-

ónu og svo verður eitt sameiginlegt verkefni þar sem öllum býðst að setja hendurnar í málingu og setja sitt handfarar á stóran efnisbút,“ segir Melkorka. Sá efnisbútur mun svo í framtíðinni prýða húsnæði Vonar í Efstaleiti.



Sérstaklega er hugað að þörfum barnanna á Edrúhátíð. Þau geta dansað, sungið, knúsað og skapað ódauðleg listaverk. Hér er stiklað á því helsta af þeim dagskrárlíðum helgarinnar sem ætlaðir eru yngri börnunum sérstaklega.

FÖSTUDAGUR

MATSALUR

Kl. 19.00 Bingó. Freyr Eyjólfsson verður bingóstjóri. Vegleg verðlaun.

SALUR

Kl. 20.15-21.00 Barnagítarstund. Rólegt hjá börnunum á meðan foreldrarir tjalda.

LAUGARDAGUR

SALUR

Kl. 16.00-18.00 Söngvakeppni barnanna

ÚTISVIÐ

Kl. 16.30-18.00 Barnaball. Geirfuglarnir, Ingó töframaður o.fl.

Á TÚNI

Kl. 15.00 Leikhópurinn Lotta:

Gilitrutt

Kl. 16.00 Lautarferð

Á BATAVELLI

Kl. 15.00 Fótboltamat

SUNNUDAGUR

ÚTISVIÐ

Kl. 20.00 Sniglabandið

Kl. 20.45 Úrslit í Söngkeppni barnanna

Á TÚNI

Kl. 13.30 Íþróttakeppni barna



Dimma á laugar-dagskvöldinu

Þungarokkhljómsveitin vinsæla Dimma mun stíga á stokk á útisviðinu á laugar-dagskvöld klukkan 20 svo rokkarar á öllum aldri ættu ekki að láta þann viðburð fram hjá sér fara. Að sögn hljómsveitarmeð-lima ætla þeir að flytja þétt rokk af mikilli innlifun. „Á Edrú-hátíðinni ætlum við að spila af sama krafti og alltaf. Við höfum aldrei áður spilað á Edrú-hátíðinni en þó oft spilað edrú.“

Þeir Biggi, Ingó, Stefán og Silli skipa Dimmu og hefur hljómsveitin verið starfandi í þeirri mynd í rúm tvö ár. Saman hefur þessi hópur gefið út stuttskífuna Dogma og breiðskífuna Myrkraverk. Áður höfðu plöturnar Dimma og Stigmata komið út. Hljómsveitarmeðlimir lýsa tónlist sinni sem kröftugu og melódísku þungarokki.



Sober Riders eru með hausinn í góðu lagi enda allir edrú. Þeim fylgir mikið fjór þegar þeir ríða í hlað á Edrúhátíðinni.

Skemmtun sem brennir miklu bensíni

Félagar í vélhjólaklúbbnum Sober Riders gerðu stormandi lukku á Edrúhátíðinni í fyrra og ætla að endurtaka leikinn í ár. Meðlimirnir í þessu leðurklædda en ljúfa gengi eiga það allir sameiginlegt að njóta lífsins án vímuefna eða eins og einn þeirra, Friðbjófur Johnson, orðar það: „Við erum mótorhjólátöffarar af öllum stærðum og gerðum. Allir lausir við hugbreytandi efni, með forsögu og eftirmála. Eins og gengur og gerist.“

Friðbjófur segir Sober Riders því njóta þess að eiga sameiginlegt vandamál og sameiginlegt áhugamál. „Þannig að það er næstum því fjór á fundum.“

Sober Riders slógu hressilega í gegn á Edrúhátíðinni í fyrra og ætla að bruna til leiks á laugardeginum og leyfa gestum að kynnastryllitækjum sínum í návígi.

„Þetta tókst alveg svakalega vel í fyrra. Svo vel að við urðum næstum því bensínlusir.“ Í fyrra var hugmyndin að leyfa krökkum á svæðinu að taka salíbunu á hjólunum og skoða gripina en fullorðna fólkíð var ekki síður áhugasamt. „Þetta var feiknavinsælt og það var orðið þannig að foreldrarir voru farnir að heima far líka og mömmurnar farnar að ryðjast fram fyrir börnin,“ segir Friðbjófur.

→ LEIKHÓPURINN LOTTA

Frum samið leikrit um íslensk tröll

Leikhópurinn Lotta mun halda eina sýningu klukkan 15 á laugardeginum. „Leikhópurinn verður með klukkutíma sýningu en svo verður fjór hjá okkur krökkunum þar sem þeir geta fengið að kynnastrónunum, skoða listmunina í leikritinu og láta taka mynda af sér með þeim ef börnin hafa áhuga,“ segir Andrea Ösp Karlsdóttir úr leikhópnum Lottu.

Sýning leikhópsins Lottu „Gilitrutt“ er glænýr íslenskur söngleikur sem er samflétt-aður af Gilitrutt, Búkollu og Geitunum þrem. Í útfærslu leikhópsins eru þessar þrjár íslensku tröllasögur fléttaðar saman í eina. Andrea segir að leikhópnum hafi gengið mjög vel með sýninguna þrátt fyrir mikla rigningu í sumar.

„Við erum búin að lenda nokkrum sinnum í góðu veðri sem er frábært og það er búið að ganga rosalega vel þó að það hafi verið rigning, fólk hefur bara klætt sig vel og verið duglegt að mæta á svæðið,“ segir Andrea. „Við erum mjög ánægð með sýninguna í ár. Hún er rosalega skemmti-



Lottu „Gilitrutt“ er glænýr íslenskur söngleikur sem er samflétt- aður af Gilitrutt, Búkollu og Geitunum þrem.

leg og við erum búin að fá frábærar undirtektir og viðtök. Við erum svo ánægð því að hún er svo skemmtileg bæði fyrir fullorðna og fyrir börn en við leggjum áherslu á að foreldrarir hafi líka gaman af sýningum okkar,“ segir Andrea. Leikhópurinn Lotta er búinn að starfa í 7 ár og fyrsta sumarið sýndu þau leikritið Dýrin í Hálsaskógi en síðan þá hefur hópurinn samið bæði leikrit og lög sjálfur og því hafa verk þeirra verið frum-samin síðustu 6 ár.

→ KIDDI CASIO MÆTIR BRAKANDI ÞURR

Í góðu lagi með alkóhóllausan Breezer!

Söngvarinn Kiddi Casio er þekktastur sem söngvari hljómsveitarinnar Sólarinnar, eða Sólinn eins og hún hét óvart einu sinni þegar næturvaktarbensín-afgreiðslumaðurinn og frændi Kidda, Ólafur Ragnar Hannesson, var umboðsmaður sveitarinnar.

Kiddi tók lífverni rokkarans alla leið en hefur nú snúið blaðinu við og „troðið tappnum í flöskuna“ eins og hann orðar það. Hann er búinn að vera edrú í þrjár vikur, líkar nýja lífið vel og ætlar að fagna edrúmennskunni með því að troða upp á Edrúhátíðinni.

„Sleppiði því að vera molly allavegana fram yfir verslunarmannahelgina ef þið viljið sjá Kidda Casio!“ Segir Kiddi og er mikið niðri fyrir þegar hann ræðir Edrúhátíðina þar sem hann treður upp á sunnudeginum, án Sólarinnar.

„Ég kem bara einn. Sólín er ekki með, sko,“ segir Kiddi sem reiknar með að fá Sniglabandið „eða einhverja“ til þess að sjá um undirleikinn.

„Nei, nei. Ég var ekkert á hátíðinni í fyrra,“ segir Kiddi aðspurður. „Ég er búinn að vera edrú í þrjár vikur og þetta gengur bara mjög vel. Ég ætla ekkert að fá mér í glas aftur fyrr en ég verð fertugur. Það er ekki fyrr en í lok október,“ segir söngvarinn og er greinilega ekki alveg búinn að læra að taka einn dag í einu.



Kiddi Casio er hættur að drekka og er hæstánægður með lífið. Hann skemmtir gestum Edrúhátíðarinnar með söng á sunnudeginum og mætir án hljómsveitar sinnar, Sólarinnar.

Þegar kemur að lagavali segist Kiddi taka sveitaballa-lög. „Bara eitthvað með Á móti sól og Skitamóral og eitthvað.“

Kiddi bætir því síðan við að það sé ekkert mál að koma sér í góðan sveitaballagíg án áfengis. „Þrúfiði bara alkóhóllausan Breezer. Það er í góðu lagi!“

ÖRVIÐTAL

Hrafnhildur Hafsteinsdóttir



Hvað er það besta við Edrúhátíðina?

Fullt af skemmtilegu fólk og öll fjölskyldan samankomin með það markmið að skemmta sér saman á heilbrigðan hátt. Það er dagskrá og skemmtun fyrir alla og ef einhverjir halda að edrú fólk kunni ekki að skemmta sér...þá vá hvað þeir hafa rangt fyrir sér.

Hvað er mikilvægast í lífinu?

Hamingja og heilbrigði fjölskyldu minnar og sjálfs míns skipta mig mestu máli. Stelpurnar mínar Isabella, Dögun og Aþena eru ljósín í lífi mínu. Að vera góð mamma er stærsta og mikilvægasta hlutverkið og að vera til staðar fyrir þá sem ég elska. Ein dýrmætasta lexían sem ég hef lært er að þegar ég er þakklát þá skiptir höfuðmáli að sýna það í verki og gefa það áfram.

Er gaman að vera þú?

Í gegnum 12 spora kerfið reyni ég að vera „bestasta útgáfan“ af sjálfri mér. Ég fæ kraft til að vinna í mér og tæki og tól til að takast á við verk-efni lífsins. Ég er þakklát fyrir hvern dag og alla þá litlu hluti hversdagsleikans sem gera lífið svo stórkostlegt. Það er yndislegt að vera til.

TÓNLISTARDAGSKRÁ Á EDRÚHÁTÍÐINI

Fjölbreytt tónlistardagskrá verður í boði á Edrúhátíðinni á Laugalandi um verslunarmannahelgina.

Föstudagur**Útisvið**

Kl. 21.00 Magnús og Jóhann

Kl. 22.00 Eyjólfur Kristján

Kl. 23.00 Ylja

Íþróttasalur

Kl. 00.00 Daniel Ágúst

Kl. 01.00 Dj. Katla

Laugardagur**Útisvið**

Kl. 17.00 Barnaball. Geirfuglar og

Ingó töframaður

Kl. 19.30 Hljómsveitin EVA



Kl. 20.00 Dimma

Kl. 21.00 Ojba Rasta

Kl. 22.30 Geirfuglaball

Íþróttasalur

Kl. 23.30 Diskó - Íþróttasalur

Sunnudagur**Útisvið**

Kl. 19.10 Æðruleysismessa. Séra Karl

V. Matthíasson, Ellen Kristjáns og

Pálmi Sigurhjarar

Kl. 20.00 Sniglabandið, Ellen

Kristjáns og Berglind Björk

Kl. 20.45 Úrslit í söngkeppni barna

Kl. 21.00 Sniglabandið

Kl. 23.00 Kvöldvaka. Brekkusöngur

við varðeld með Valgeiri Skagfjörð

Kl. 00.00 Kiddi Casio


Íþróttasalur

Kl. 16.00-18.00 Söngvakeppni barna

Kl. 00.30 Dj diskó

ÖRVIÐTAL

Valgeir Skagfjörð



Hvað er það besta við Edrúhátíðina?

Félagsskapurinn og fjölbreytt prógramm með fólki sem er allsgáð og reiðubúið til að skemmta sér og hafa gaman af því sem í boði er á hátíðinni.

Hvað er mikilvægast í lífinu?

Ástin og edrúmennskan.

Er sumarið tíminn?

Það jafnast ekkert í heiminum á við íslenskt sumar. Verst hvað við höfum fengið lítið af því hér á suðvesturhorninu.

Indjánadans er heilunardans

Hvað: Indjánadans

Hvenær: Sunnudagur

Klukkan: 10.00

„Indjánadans er heilunardans sem er yfirleitt dansaður á morgnana og tekur um það bil tíu til fimmtán mínútur og með honum tengist fólk höfuóáttunum sex sem eru þær fjórar sem við þekkjum að viðbættum himni og jörð,“ segir Erna Jóhannesdóttir sem ætlar að leiða indjánadans á Edrúhátíðinni. Erna segir alla heillast af indjándansinum enda sé hann mjög skemmtilegur. „Dansinn virkar eins og sjálfstyrking og er nokkurs konar morgunleikfimi.“

Fyrir alla sem elska að dansa

DJ Katla mun spila á Edrúhátíðinni bæði föstudags- og laugardagskvöld. „Á föstudeginum tek ég við af Daniel Ágústi um miðnætti og spila svo í einhverju epísku edrú-sundlaugarpartyi á laugardagskvöldinu,“ segir Katla Ásgeirsdóttir plötusnúður en hún hefur verið að spila í um það eitt ár. „Ég byrjaði að spila þegar gamli yfirmaðurinn minn á skemmtistaðnum Bakkus henti mér upp í dj-búr eitt kvöldið og skipaði mér að spila, ég hef spilað allar götur síðan,“ segir Katla sem mun spila danstónlist og vonast til þess að allir sem hafa unun af því að dansa geri það, óháð aldri. Katla segist aldrei hafa farið á Edrúhátíð áður en segir að dagskráin sé þannig að ekki sé annað hægt en að mæla með henni fyrir barnafjölskyldur.

**→ ÆÐRULEYSISMESSA**

Ellen Kristjánsdóttir syngur sálma á Æðruleysismessunni og Pálmi Sigurhjararson spilar undir.

Einkennist af þakklæti, ánægju og gleði

Að mæta á samkomu þar sem stefnt er að því að allir séu allsgáðir er alveg stórkostlegt því þá taka menn meira eftir lífinu, hvað það getur verið fallegt og gott,“ segir séra Karl Valgarð Matthíasson sem mun bjóða upp á Æðruleysismessu á sunnudeginum klukkan 19 á útisviðinu. Ellen Kristjánsdóttir syngur sálma og Pálmi Sigurhjararson spilar undir. Karl segir að í fyrra hafi Æðruleysismessan verið haldin í kirkju en hún hafi verið of litil. „Ein frægasta boðunarræða allra tíma var haldin undir beru lofti,



Karl Valgarður Matthíasson.

en það var fjallræðan sem flutt var fyrir tæpum 2000 árum en er hana að finna í Matthíasarguðspjalli. Þar eru svo margar fallegar dæmisögur sem kenna fólki að sýna hvert öðru kærleika,“ segir Karl.

„Æðruleysismessan verður með mjög svipuðu sniði og þær hafa verið í Dómkirkjunni. Þær einkennast af þakklæti, ánægju og gleði og er hún ætluð öllum. Ég ætla að taka dæmisöguna um týnda soninn sem er ein besta saga heimsbókmenntanna sem og sagan um mis-kunnsama Samverjann,“ segir Karl sem hefur notið hjálpar SÁÁ og á samtökunum gott að gjalda.

**Jóгатímar þar sem allir geta tekið þátt**

Hvað: Morgun jóga

Hvenær: Laugardagur og sunnudagur

Klukkan: 10.00


Tvo morgna verður boðið upp á jóga fyrir alla, bæði byrjendur sem lengra komna. „Tímarnir verða þannig að allir geti tekið þátt,“ segir Erna Jóhannesdóttir, kripalujóga kennari, sem mun kenna jóga tvo morgna á hátíðinni. „Við höfum þetta einfalt og tökum uppþitun og förum svo í jógastöður.“

Hollur valkostur á útihátíð

„Það eru svo margir í dag sem vilja eiga kost á að fá sér eitthvað létt og hollt í magann. Sama hvort það er á útihátíð eða ekki.“ segir Guðrún

Jóna Stefánsdóttir en hún mun reka Heilsuhornid í veitingatjaldinu á Edrúhátíðinni. Hún mun bjóða upp á nokkrar tegundir af heilsusjeikum, engifersnafs

og eitthvað góðgæti. „Ég mun vera með fullt af góðu hráefni á staðnum og selja drykkina á fínu verði svo allir sem vilja geti fengið sér hressingu.“



Gong tíminn hjá Ernu mun hefjast á jógaefingum og eftir þær verða tónar gongsins notaðir til heilunar.

Hugleiðsla undir tónum gongsins

Hvað: Gong hugleiðsla

Hvenær: Laugardagur

Klukkan: 16.00

„Það er alveg rosalega mikil heilun í tónum gongsins. Bylgjur frá tónum þess fara um líkamann og leiðréttu hann. Gongið er sjö-tíu sentimetrar langt koparhljóðfæri en við hljóðum á tónlist af geisladiski í tímanum,“ segir Erna Jóhannesdóttir sem mun bjóða gestum Edrúhátíðarinnar upp á gong hugleiðslutíma. „Það er svo merkilegt að trommuhljómurinn í gonginu virðist eiga möguleika á að leiðréttu allar skekkjur í líkamanum. Mér fannst alveg ótrúlegt að sjá hestana hérna hjá mér, hvað þeir sækja í tóna gongsins. Það er alveg ótrúlegt heilun í svona djúpum hljóðum.“

ÖRVIÐTAL

Simon Birgisson



Hvað er það besta við Edrúhátíðina?


Morgunýoga undir berum himni. Maturinn og fólkið.

Hvað er mikilvægast í lífinu?

Að koma fram við náungann eins og þú vilt að hann komi fram við þig.

Er sumarið tíminn?

Hver tími ber yfir sinni eigin sérstæðu fegurð sem vert er að njóta.



DAGSKRÁ VERSLUNARMANNAHELGARINNAR Á LAUGALANDI 2. - 5. ÁGÚST

Föstudagur 2. ágúst

- KI. 18** Léttar veitingar - Veitingatjald
KI. 18 Skráning í fótballamat og söngkeppni barna hefst - Veitingatjald
KI. 19 Fjölskyldubingó - Matsalur
KI. 20.30 Róleghættastund fyrir börnin - Íþróttasalur
KI. 21 Magnús og Jóhann - Útisvið
KI. 22 Eyjólfur Kristján - Útisvið
KI. 23 Ylja - Útisvið
KI. 23 Kvöldhugleiðsla - Herbergi andans
KI. 24 12 sporafundur - Herbergi andans
KI. 00 Daniel Ágúst - Íþróttasalur
KI. 01 Dj. Katla - Íþróttasalur

Laugardagur 3. ágúst

- KI. 9-10** Morgunmatur - Matsalur
KI. 9.30 Morgunhugleiðsla
KI. 10 Morgunyoga - Íþróttasalur
KI. 11 Indjånadans - Útisvið
KI. 11 12 sporafundur - Herbergi andans
KI. 11-15 Heilsusetur - herðanudd, ilmjkjarnaolfur, heilun, sérstök höfuðbeina og spjaldhruggsjöfnun fyrir börn ofl. - Miðgarður
KI. 11 Listasmíðja barna - Íþróttasalur
KI. 12-14 Sober Riders keyra um með börnin - Túnið
KI. 12-14 Hádegismatur - Matsalur
KI. 13 Kynning á ilmjkjarnaolium. Heilsusetur - Miðgarður

- KI. 14** 12 sporafundur - Herbergi andans
KI. 15 Leikhópurinn Lotta flytur leikritið Giltrutt - Túnið
KI. 15 Fyrirlestur (Spor án landamæra) - Herbergi andans
KI. 15.15 Fótballamat - Íþróttasvæði (Battavöllur)
KI. 16 Gong-hugleiðsla - Íþróttasalur
KI. 16.15 Sigrastu á meðvirkinni. Fyrirlestur Gitte Lassen meðvirknisþerapistu - Matsalur
KI. 17 5-rytma-dans - Íþróttasalur
KI. 17 Barnaball. Geirfuglar og Ingó töframaður - Útisvið
KI. 18-20 Kvöldmatur - Matsalur
KI. 19.30 Hljómsveitin EVA - Útisvið
KI. 20 Dimma - Útisvið
KI. 21 Ojba Rasta - Útisvið
KI. 22.30 Geirfuglaball - Útisvið
KI. 22 Sundlaugarparty (aldurstakmark 13-25 ára) - Sundlaug
KI. 23 Kvöldhugleiðsla - Herbergi andans
KI. 23.30 Diskó - Íþróttasalur
KI. 00 12 sporafundur - Herbergi andans

Sunnudagur 4. ágúst

- KI. 9-10** Morgunmatur - Matsalur
KI. 9.30 Morgunhugleiðsla
KI. 10 Morgunyoga - Íþróttasalur
KI. 11 Indjånadans - Útisvið
KI. 11 12 sporafundur - Herbergi andans

- KI. 12-15** Heilsusetur - herðanudd, ilmjkjarnaolfur, heilun, sérstök höfuðbeina og spjaldhruggsjöfnun fyrir börn ofl. - Miðgarður
KI. 12-14 Hádegismatur - Matsalur
KI. 13 Zumba - Íþróttasalur
KI. 13.30 Íþróttamat barna - Túnið
KI. 14 Kirtan - Íþróttasalur
KI. 15 Brennó fyrir alla - Íþróttasvæði
KI. 15 Húmor og hamingja: Fyrirlestur með Eddu Björgvins
KI. 16-18 Söngvakeppni barna - Íþróttasalur
KI. 18-20 Kvöldmatur - Matsalur
KI. 18 12 sporafundur - Herbergi andans
KI. 19.10 Æruleysismissa. Séra Karl V. Matthíasson, Ellen Kristján og Pálmi Sigurhjarar - Útisvið
KI. 20 Sniglabandið, Ellen Kristján og Berglind Björk - Útisvið
KI. 20.45 Úrslit í söngkeppni barna - Útisvið
KI. 21 Sniglabandið - Útisvið
KI. 23 Kvöldvaka. Brekkusöngur við varðeld með Valgeiri Skagfjörð - Útisvið
KI. 23 Kvöldhugleiðsla - Herbergi andans
KI. 00 12 sporafundur - Herbergi andans
KI. 00 Kiddi Casio - Útisvið
KI. 00.30 Dj diskó - Íþróttasalur

VIÐ ÞÖKKUM EFTIRTÖLDUM AÐILUM VEITTAN STUÐNING

ASK Arkitektar ehf
 Danica sjávarafurðir ehf
 Íslensk erfðagreining
 Sprettur - þróun og stjórnun ehf
 Gjögur hf
 TBLSHOP Ísland ehf
 Iceland Seafood ehf
 Knattspyrnusamband Íslands
 Nýi öskuskólinn ehf
 Árni Reynisson ehf
 Bandalag starfsmanna ríkis og bæja
 Efling stéttarfélag
 Hugsmiðjan ehf
 Íslensk endurskoðun ehf
 Útfararstofa Kirkjugarðanna ehf
 Verðbréfaskráning Íslands hf
 Vernd, fangahjálpi
 Eignaumsjón hf
 Herrafataverslun Birgis ehf
 TANGO ehf
 Tölvar ehf
 7.is ehf
 Íslandspóstur hf
 Ó. Johnson & Kaaber ehf
 Ósal ehf
 Rafstjórn ehf
 Rarik ohf
 Tandur hf

Verzlunartækni ehf, Reykjavík
 DGJ Málningarþjónusta ehf
 G.Á.verktakar sf
 Landsnet hf
 Matthías ehf
 Rafsvið sf
 Tannvernd ehf
 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu
 Íslandsbanki hf, útibú 526
 Bliki bílamálun/réttingar ehf
 Íslandsspil sf
 Púst ehf
 Verkræðistofan Hamraborg sf
 Á Guðmundsson ehf
 Bifreiðaverkstæðið Stimpill ehf
 Nobex ehf
 Rafbreidd ehf
 Söluturninn Smári
 Garðabær
 Kompan ehf
 Marás ehf
 Bókhaldsstofan ehf
 Ferskfiskur ehf
 Múr og menn ehf
 Stekkur ehf
 Hvalur hf
 G.K. Viðgerðir ehf
 Laxnes ehf

Nonni litli ehf
 Reykjanesbær
 Verzlunarmannafélag Suðurnesja
 Suðurflug ehf
 Einhamar Seafood ehf
 Víkurbraut 62
 Sparri ehf
 Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur
 Akraneskaupstaður
 Runólfur Hallfreðsson ehf
 Vignir G. Jónsson hf
 Tannlæknastofa Hilmis ehf
 Söðulsholt ehf
 Garðyrkjustöðin Varmalandi
 Bókhaldsstofan Stykkishólmi ehf
 Jónatan Sigtryggsson
 Kamski - Hótel Framnes
 Breiðavík ehf
 Vélsmiðja Árna Jóns ehf
 Guðjón Gunnarsson
 Tréver sf
 Bolungarvíkurkaupstaður
 Fiskmarkaður Bolungarvíkur og Suðureyrar ehf
 VÁ VEST, félag um vímuefnaförvarnir
 Gistiheimilið Bjarmalandi ehf
 Hafkalk ehf
 Sveitasæla ehf
 Húnaþing vestra

Villi Valli ehf
 Gláðheimar - Hótel Blönduós
 Kaupfélag Skagfirðinga
 K-Tak ehf
 Ísgát ehf
 Samvirkni ehf
 Kjarnafæði hf
 Sigurbjörn ehf
 Miðlarinn ehf
 Sorpsamlag Þingeyinga ehf
 Vermir sf
 Steinsteypir ehf
 Trésmiðjan Brú ehf
 Fljótsdalshérað
 Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf
 Síldarvinnslan hf
 Veitingastaðurinn Fljótið ehf
 Grís og flex ehf
 Eldhestar ehf
 Hveragerðiskirkja
 Flúðafiskur
 Flúðasveppir
 Eldstó ehf
 Héraðsbókasafn Rangæinga
 Ísfélag Vestmannaeyja hf
 Langa ehf
 Tvísturinn ehf

PÚ EINFALDLEGA VERÐUR AÐ PRÓFA ÞÆR

DOMINO'S

OG


D
S

TAKTU T

DOM

TILBO

DOM



TVENNUNU TILBOÐ

ÞÚ SÆKIR PIZZU OG STÓRAN SKAMMT AF BRAUÐSTÖNGUM
OG FÆRÐ AÐRA PIZZU SÖMU STÆRÐAR AÐ AUKI.



VIÐ NOTUM EINGÖNGU 100% ÍSLENSKAN OST!

📞 SÍMI 58 12345 📱 DOMINO'S APP 🌐 WWW.DOMINOS.IS